

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um staðfesting- 14
ing-á prestskosningu friðkirkjusafnaðar í Reykjavík. — Með 15. jan.
 brjefi, dagsettu 5. f. m., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hing-
 að allraþegnsamlegasta umsókn frá fulltrúum evangelisk-lútersks utanþjóðkirkju-
 safnaðar, sem stofnaður hefir verið í Reykjavík og þar í grendinni á síðast-
 liðnu ári, en í umsókn þessari sækja fulltrúarnir, samkvæmt lögum um utan-
 þjóðkirkjumenn frá 19. febr. 1886, um allrahæsta staðfesting á kosning saf-
 naðarins á utanþjóðkirkjupresti, síra Lárusi Halldórssyni, til prests fyrir utan-
 þjóðkirkjusöfnuð þennan.

Að vísu er ekkert því til fyrirstöðu, að því er snertir hagi safnaðarins eða hins kjörna prests, að hin framfarna kosning verði staðfest; en ráðaneytið verður þó að vera yður samdóma um það, að hin umbedna staðfesting geti ekki orðið veitt, fyr en sannað er, að söfnuðurinn hafi fengið sjer samkomuhús, er hæfilegt sje til guðspjónustu og kirkjulegra athafna. Samkvæmt því, sem áður hefir verið leyft, hefir ráðaneytið þó eigi getað talið það nauðsynlegt, að staðfestingin sje dregin, þangað til söfnuðurinn hefir komið sjer upp eiginni kirkjubyggingu, heldur hefir það verið talið nægja, að söfnuðurinn fengi ráð yfir sal, sem talizt gæti hæfilegur til slíkrar notkunar.

Samkvæmt þessu hefir hans hátign konunginum eptir allraþegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins fyrir Ísland 13. þ. m. allramildilegast þóknast að veita því heimild til að gefa fyrirheit um allrahæsta staðfesting utanþjóðkirkjuprests síra Lárusar Halldórssonar til prests fyrir utanþjóðkirkjusöfnuðinn í Reykjavík og þar í grend, þegar söfnuðurinn hefir færð sönnur á það fyrir ráðaneytinu, að hann hafi umráð yfir húsrúmi, sem hæfilegt sje til guðspjónustu, sje útbúið öllu, er með þarf til kirkjulegra athafna, enda sje húsrúmið eigi notað á annan hátt, eða þá eigi öðruvísi en á líkan hátt.

Um leið og framangreint fyrirheiti er gefið, er yður þetta til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigendum, og er þess beiðzt, að um leið og færðar eru sönnur á, að umgetin skilyrði sjeu fyrir hendi, verði ráðaneytinu send fullkomin skýrsla um alla þá, sem þá verða í utanþjóðkirkjusöfnuðinum, að því tilgreindu, hvar hver eigi heima.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur- 15
amtinu um endurveiting hlunninda fyrir sparisjóð (Svarfdælinga)— 17. febr.
 Utaf beiðni, sem hingað hefir borizt beina leið frá forstöðunefnd sparisjóðs Svarfdælinga, vil jeg hjermeð endurveita nefndum sjóði frá 31. f. m. að telja hlunnindi þau, er ræðir um í tilsk. 5. jan. 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að trygging sú, sem sparisjóðurinn nú veitir, ekki rýrni, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurit af ársreikningum sjóðsins í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra amtmaður, til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd sparisjóðsins.

12. dag marzmánaðar 1900.

Reykjavík. Isafoldarprentsmiðja.